Gríniðjan:

Brávallagatan – Arnarnesið

Á miðnæturfrumsýningu á laugardaginn frumsýnir Gríniðjan gamanleikinn Brávallagatan – Arnarnesið. Aðalpersónur eru hin landsþekktu Halldór og Bibba sem hafa skemmt hlustendum Bylgunnar á undanförnum misserum við miklar vinsældir.

Gamaleikurinn fjallar um búferlaflutninga sæmdarhjónanna. Koma til leiks ýmsar kostulegar persónur, sumar nýskapaðar og aðrar sem komu fyrir eyru Bylgjuhlustenda. Bibbu og Halldór leika Edda Björgvinsdóttir og Júlíus Brjánsson. Margir aðrir þjóðkunnir leikarar taka þátt í gleðileik þessum.

Eins og áður segir er frumsýning á laugardagskvöld. Önnur sýning verður á sunnudagskvöld kl. 20.30 og þriðja sýning á mánudagskvöld á sama tíma. Miðasala er í gamla bíói kl.16–19. Sýningardag er opið fram að sýningu.



Bibba og Halldór eru leikin af Júlíusi Brjánssyni og Eddu Björgvinsdóttur. Þau snúa hér baki í myndavélina. Á milli þeirra eru Bessi Bjarnason og Rúrik Haraldsson í hlutverkum sínum.



Ballettsýning leikársins hjá Íslenska dansflokknum verður annað kvöld. Þá verða fluttir fjórir ballettar eftir Hlíf Svavarsdóttur.

Þjóðleikhúsið:

Hvörf

– ballettar eftir Hlíf Svavarsdóttur

Annað kvöld frumsýnir Íslenski dansflokkurinn fjóra balletta eftir Hlíf Svavarsdóttur við undirleik hljómsveitar undir stjórn Hjálmars H. Ragnarssonar. Þetta er jafnframt síðasta frumsýning leikársins í Þjóðleikhúsinu.

Fyrsti ballettinn, sem verður frumsýndur þetta kvöld, heitir Rauður þráður og hefur Hjálmar H. Ragnarsson samið tónlistina.

Annar ballettinn, Innsýn I, var frumfluttur á Akureyri síðastliðið haust. Hlíf samdi hann við tónlist eftir Erik Satie og gerði einnig búningana.

Þriðji ballettinn, Innsýn II, er líka saminn við tónlist eftir Erik Satie. Hann hefur ekki verið fluttur fyrr en nú.

Fjórði og síðasti ballett kvöldsins, Af mönnum, hlaut 1. verðlaun í samkeppni dansskálda á Norðurlöndum sem haldin var í Osló í maí 1988. Í kjölfar þess sigurs hefur Hlíf og dansflokknum verið boðið að vera með heils kvölds sýningu eftir Hlíf í öllum helstu óperuhúsum Norðurlanda í ágúst. Tónlistina við Af mönnum samdi Þorkell Sigurbjörnsson en búninga teiknaði Sigrún Úlfarsdóttir.

Hlíf Svavarsdóttir sviðsetti alla ballettana en aðstoðarmaður hennar við þjálfun dansaranna og sýninguna er Auður Bjarnadóttir. Sveinn Benediktsson lýsir alla sýninguna og sýningarstjóri er Kristín Hauksdóttir.

Helgi Þorgils Friðjónsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum verður opnuð sýning á nýjum verkum eftir Helga Þorgils Friðjónssonar á laugardaginn. Sýningin er á vegum Menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar. Þetta er önnur boðsýning Listasafns Reykjavíkur á þessu ári og stendur hún til 21. maí.

Sýningin mun síðan fara utan, fyrst til Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg þar sem hún verður opnuð 16. júní, þá til gallerís NEMO í Eckernförde og loks til Rovaniemi listasafnsins í Finnlandi.

Helgi Þorgils Friðjónsson vakti strax mikla athygli og umtal er hann kom fram á sjónarsviðið í íslenskri myndlist í lok 8. áratugarins. Hann var þá einn af fáum listamönnum af yngstu kynslóðinni sem hélt sér við hefðbundin efni og aðferðir í málverkinu. Því er ekki að neita að konseptlistin, sem var allsráðandi víðast hvar á þessum tíma, hafði afgerandi áhrif á myndhugsun listamannsins er hann dvaldi við nám í Hollandi á árunum 1976–1979.

Þótt Helgi legði stund á málaralist gekk hann á engan hátt inn í þann formalisma sem ríkt hafði í íslensku málverki um áratugaskeið. Hugmyndin eða myndefnið hefur ávallt gegnt jafnstóru hlutverki og hin formræna útfærsla í verkum hans. Verk Helga eru í hæsta máta vitsmunaleg, jafnframt því sem listræn næmi hans hefur alið af sér nýja og persónulega fagurfræðilega sýn innan málverksins.

Helgi Þorgils Friðjónsson hefur á undanförnum árum haldið einkasýningar, bæði hér heima og erlendis. Ennfremur hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga, til dæmis sýningunni Nordanad í Musée des Arts Décoratifs í París 1986, Scandinavian Art í Seibu-safninu í Tokýo 1987 og í Rooseum safninu í Malmö 1988.

Helgi Þorgils Friðjónsson er einn af fáum íslenskum myndlistarmönnum sem náð hafa alþjóðlegri athygli, sérstaklega í Norður-Evrópu en verk eftir hann er meðal annars að finna í Rooseum safninu í Malmö, Statens museum for kunst í Kaupmannahöfn og Kunsthalle í Kiel í Þýskalandi.

Veitingahús vikunnar: Grillið á Hótel Sögu – sjá bls. 18

Viðar í Heita pottinum – sjá bls. 19

Kirkju-lista-hátíð – sjá bls. 20

Atkvæðaseðill fyrir söngva-keppnina – sjá bls. 21

Hættu-leg sambönd – sjá bls. 30